

Borgarráð

Aðgerðaáætlun í leikskólamálum – tillögur um að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla

Lagt er að eftirfarandi tillögur stýrihóps um að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla verði samþykktar, vísað til meðferðar skóla- og frístundasviðs og fjármagnaðar með breyttri ráðstöfun fjárheimildar vegna inntöku mars- apríl barna:

1. Lagt er til að settar verði á fót ungbarnadeildir við tiltekna leikskóla borgarinnar með það að markmiði að opna slíkar einingar á haustmánuðum 2017. Slíkar ungbarnadeildir verði sérhæfðar, með aðstöðu, leikrými og búnaði sem hæfir þroska, mæti þörfum og tryggi öryggi barna á öðru og þriðja aldursári. Miða skal við að börn sem innritast á ungbarnadeildir verði fædd á árinu 2016 (á tímabilinu janúar-apríl) auk forgangsbarna frá 12 mánaða aldri. Stefnt verði að því að slíkar ungbarnadeildir verði starfræktar í öllum hverfum borgarinnar.
2. Lagt er til að í fyrsta áfanga verði settar á fót 7 ungbarnadeildir við 4 eftirfarandi leikskóla, sem taki til starfa í ágúst/september 2017:

- | | |
|--------------------------------------|---------------------------------|
| · Miðborg (Barónsborg og Lindarborg) | fjöldi barna: 30-31 (2 deildir) |
| · Holt | fjöldi barna: 15 (1 deild) |
| · Sunnuás | fjöldi barna: 24 (2 deildir) |
| · Blásalir | fjöldi barna: 24-28 (2 deildir) |

Hver þessara ungbarnadeilda fái tiltekið fjármagn til að standa straum af kostnaði við kaup á sérhæfðum búnaði vegna starfseminnar. Þar væri miðað við 1 mkr. á hverja deild auk 50.000 kr. pr. barn. Heildarfjárhæð er áætluð 11,5 m. kr.

Breyta þarf lóð og húsnæði til að það henti starfsemi ungbarnadeilda. Hafa þarf í huga að ekki hafa verið teknar ákvarðanir um framtíðarskipulag svæðisins sem leikskólinn Holt er á og því yrði farið í lágmarks framkvæmdir þar þangað til það hefur verið ákveðið.

- | | |
|--------------------------------------|------------------------------|
| · Miðborg (Barónsborg og Lindarborg) | Heildarkostnaður: 2,1 m.kr. |
| · Holt | Heildarkostnaður: 2,1 m.kr. |
| · Sunnuás | Heildarkostnaður: 3,4 m. kr. |
| · Blásalir | Heildarkostnaður: 3,4 m.kr. |

Heildarkostnaður vegna endurbóta lóða og húsnæðis vegna ungbarnadeilda á árinu

2017 er áætlaður 11,050 m.kr.

3. Stefnt verði að því við byggingu nýs leikskóla á Kirkjusandi að þar verði um ungbarnaleikskóla að ræða eða ungbarnadeild í samvinnu við leikskólann Hof.
4. Tekið verði saman yfirlit yfir hvernig megi fjölga plássum fyrir ung börn í leikskólum borgarinnar haustið 2017. Þá verði samþykkt fjölgun plássá fyrir ung börn í sjálfstætt starfandi leikskólum í borginni um allt að 200, í samræmi við umsóknir þar um. Þar af er áætluð fjölgun plássá á árinu 2017 123 pláss. Áætlaður heildarkostnaður vegna þessa á árinu 2017 er kr. 93,5 m. kr.
5. Lagt er til að niðurgreiðslur vegna barna hjá dagforeldrum verði hækkaðar um 10%.

Áætlaður viðbótarkostnaður vegna þessa á árinu 2017 er um 47,3 m.kr.

Samantekt

Heildarkostnaður aðgerðaáætlunar í leikskólamálum

- | | |
|--|------------------|
| 1. Ungbarnadeildir – búnaður | kr. 11,5 m. kr |
| 2. Ungbarnadeildir – lóðir og húsnæði | kr. 11 m. kr. |
| 3. Fjölgun plássá í sjálfstætt reknum leikskólum | kr. 93,5 m. kr. |
| 4. 10% hækkun niðurgreiðslna hjá dagforeldrum | kr. 47,3. m. kr. |

Samtals **kr. 163,4 m. kr.**

Fjármögnun

Áætlað er að sparnaður vegna seinkunar á inntöku barna sem fædd eru í mars og apríl 2015 muni nema 145-165 m.kr., þar sem endanleg fjárhæð mun ráðast af því hvort einstök börn komist inn á leikskóla í vor eða haust. Lagt er til að fyrrnefndar aðgerðir verði fjármagnaðar með breyttri ráðstöfun fjárheimildar vegna inntöku mars- apríl barna. Ekki er því þörf á viðauka við fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs vegna þessara aðgerða á árinu 2017.

Dagur B. Eggertsson